

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórn Íslands**
Sendandi: **Forsætisráðherra; innanríkisráðherra og velferðarráðherra**
Dagsetning: **11.01.2013**
Málsnúmer: **FOR13010078**
Bréfalykill: **2.6**

Efni: Samráðshópur um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota gegn börnum

1. Inngangur

Að ósk forsætisráðherra hafa fulltrúar forsætisráðuneytis, innanríkisráðuneytis, velferðarráðuneytis, Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Barnaverndarstofu fundað um það hvernig tryggja megi skilvirk viðbrögð og úrræði þegar kynferðisbrota gegn börnum eru annars vegar. Í minnisblaði þessu er fjallað um stöðu mála á þessu sviði og gerð tillaga um frekari úrbætur.

2. Staða mála og næstu skref

Enda þótt ljóst sé að ýmis skref hafi verið stigin af hálfu ríkisstjórnarinnar að því er varðar viðbrögð við kynferðisbrotum gegn börnum hér á land, sjá meðf. fylgiskjal, eru aðilar sammála um að bæta þurfi framkvæmd og samhæfingu á þessu sviði m.a. þannig að upplýsingar berist á milli aðila með skilvirkum hætti. Er því lagt til að settur verði á laggirnir samráðshópur forsætisráðuneytis, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis sem vinni m.a. í samráði við lögregluþing, Barnaverndarstofu og félagasamtök sem veita þolendum kynferðisbrota aðstoð. Lagt er til að samráðshópurinn geri m.a. tillögur til ríkisstjórnarinnar um:

- *í fyrsta lagi* aðgerðir sem miði að því að treysta samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum barna
- *í öðru lagi* að efla lögreglu og ákærvald til þess að takast á við rannsóknir og saksóknir í þessum málum,
- *í þriðja lagi* hvernig tryggja megi framkvæmd skráningar og eftirlit með dæmdum kynferðisbrotamönnum,
- *í fjórða lagi* að hugað verði að því hvernig best verði staðið að meðferðarúrræðum fyrir kynferðisbrotamenn.

Samráðshópurinn hafi samvinnu við verkefnisstjórn um vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum um frekari aðgerðir s.s. fræðslu og forvarnir, sem eru til þess fallnar að auka ábyrgð samfélagsins við að takast á við þetta þjóðfélagsmein. Samráðshópurinn hafi jafnframt hliðsjón af minnisblaði innanríkisráðherra til ríkisstjórnar dags. 16. febrúar 2012, þar sem kynntar eru tillögur fagráðs trúfélaga til úrbóta við meðferð kynferðisbrotamála. Samráðshópurinn skal skila ríkisstjórninni áfangaskýrslu með tillögum um aðgerðir, kostnaðarmati og hugsanlegum lagabreytingum fyrir 31. mars nk.

Tillaga: Lagt er til að ríkisstjórnin samþykki að settur verður á fót samráðshópur um samhæfða framkvæmd stjórnvalda til þess að sporna gegn kynferðislegu ofbeldi, treysta burði réttarvörslukerfisins til þess að koma lögum yfir kynferðisbrotamenn og að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota og markvissar forvarnaraðgerðir.

Fylgiskjal 1

Aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur m.a. beitt sér fyrir.

Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir margvíslegum aðgerðum og verkefnum sem eru til þess fallin að sporna gegn kynferðislegri misnotkun gegn börnum. Hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að styrkja rannsókn og önnur viðbrögð við kynferðisbrotum gagnvart börnum s.s. meðferð og stuðning við þolendur slíkra brota. Vitundarvakning hefur orðið í íslensku samfélagi á undanförunum misserum um alvarleika kynferðislegs ofbeldis gegn börnum.

Reynslan af starfi tengiliðar vistheimila og störf fagráðs um ásakanir vegna ofbeldisbrota og kynferðisbrota, einkallega hjá trúfélögum, hefur m.a. sýnt fram á þýðingu þess að fyrir hendi séu skilvirk úrræði fyrir fórnarlömb kynferðisbrota og að þeir geti leitað á hlutlausan stað til þess að leita eftir stuðningsúrræðum.

Ísland hefur fullgilt Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun sem gerður var í Lanzarote 25. október 2007. Í aðfaraorðum sammingsins kemur fram að kynferðisleg misneyting og misnotkun á börnum hafi aukist mjög, einkum vegna aukinnar notkunar barna og ekki síður brotamanna á upplýsinga- og fjarskiptatækni. Í framhaldi af fullgildingunni þessa sammings samþykkti Alþingi breytingu á almennum hegningarlögum sem miðar að því að koma í veg fyrir og berjast gegn slíkum brotum. Það er ljóst að nýlegar breytingar á hegningarlögum kalla á sérstakan viðbúnað lögreglu, enda rannsóknar- og sönnunarfærsla í þessum brotaflokkum vandmeðfarin og má þar t.d. nefna mál sem varða nettælingu.

Þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum um margvíslegar öryggisráðstafanir, þar á meðal eftirlit með hættulegum barnaníðingum eftir að þeir hafa lokið afplánun í fangelsi.

Lanzarote-samningur kallar ennfremur á ýmsar aðgerðir stjórnvalda sem nauðsynlegt er að kortleggja og koma í framkvæmd.

Þegar hefur verið ráðist fræðsluáttak um kynferðislegt ofbeldi í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum þannig að fræðslan nái til allra barna.

Í nóvember 2011 fól ríkisstjórnin verkefnisstjórn með fulltrúum úr innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og velferðarráðuneyti að undirbúa vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.